

Menntaskólinn við Hamrahlíð FRA 1AA05

Enginn undanfari

Áfangalýsing: Þar sem þetta er byrjunaráfangi, er megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins: Strax frá upphafi eru nemendur þjálfðir í lesskilningi ásamt samskiptapáttunum tali, hlustun og ritun. Áhersla er lögð á réttan framburð, uppbyggingu orðaforða og að þjálfna grunnatriði málfræðinnar. Fléttað er inn í kennsluna menningu frönskumælandi landa.

Til að þjálfna þessi atriði er hægt að taka mið af eftirfarandi:

- Kynningu á sjálfum sér og öðrum, að heilsa og kveðja, fjölskylda og fjölskyldutengsl, aldur, búseta, starf, þjóðerni, lönd og tungumál.
- Lýsingar á fólki, póstkort og bréf, tölur, dagar, mánuðir, árstíðir og veður.
- Tómstundir og áhugamál, að líka/mislíka, að mæla sér mót, klukka og tímasetningar.

Áfangamarkmið

Skilningur

a. Hlustun Nemandi skilur: þegar talað er um það sem tengist honum náið (t.d. fjölskylduna, skólann, áhugamál og nánasta umhverfi), einföld fyrirmæli og helstu kveðjur og kurteisisávörp, einföld samtöl þegar talað er hægt og skýrt, þegar talað er um tölur og tímasetningar

b. Lestur Nemandi skilur: einfalda texta, sem innihalda algengan orðaforða, sem tengist honum, umhverfi hans og áhugamálum, einföld eyðublöð þar sem beðið er um persónulegar upplýsingar, einfalt ritað mál (viltu hafa þetta inni?), lýsingar á fólki

Talað mál

a. Samræður Nemandi getur: notað einföld ávörp, þakkar- og kurteisorðasambönd, kynnt sig og aðra, spurt um líðan annarra og sagt frá sinni líðan, beðið viðmælanda um að endurtaka, gert sig skiljanlegan um einföld atriði (t.d. um tímasetningar, símanúmer, magn og verð), tjáð sig um það sem honum líkar / mislíkar, spurt og svarað einföldum spurningum (t.d. um fjölskylduna, veðrið og áhugamál)

b. Frásögn Nemandi getur: sagt á einfaldan hátt frá sjálfum sér, fjölskyldunni og öðrum (t.d. aldur, búseta, lýsing og áhugamál), sagt frá daglegum athöfnum

Ritun

Nemandi getur: lýst persónulegum högum í einföldum texta og sagt frá daglegum athöfnum, skrifað stutt, persónuleg bréf/skilaboð